

Ársskýrsla Klifursambands Íslands 2026

Pistill formanns **2**
Stjórn og nefndir **4**
lðkendatölur **5**
Aðstöðumál klifurs á Íslandi **6**
Fræðslumál **6**
Klifurfólk ársins **7**
Kvenklifrari ársins 2025 7
Karlklifrari ársins 2025 7
Landslið og úrvalshópar **8**
Starfsárið 8
Samantekt af helstu afrekum á erlendum mótum 9
Yfirlit yfir æfingaferðir og erlend mót 10
Meðlimir úrvalshópa KÍ 11
Mót **12**
Íslandsmeistaramót í grjótglímu 12
Íslandsmeistaramót í línuklifri 13
Bikarmót í grjótglímu 14
Bikarmót í línuklifri 15
Útiklifurafrek Íslendinga **16**

Pistill formanns

Kæru klifrarar, formenn og starfsfólk klifurfélaga, sjálfboðaliðar og aðrir

Það er mér mikil ánægja og forréttindi að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem sem á sér stað á klifri sem bæði ólympíu- og almenningsíþrótt hérlendis sem og erlendis. Þróun sem mun örugglega halda áfram á næstu árum þar sem vinsældir og sýnileiki klifurs eykst og vex sem afreksíþrótt en ekki síður íþrótt sem almenningur stundar og fylgist með. Uppbygging hér heima hefur ekki gerst, og mun ekki halda áfram, af sjálfu sér heldur eru áfangarnir sem nást afrakstur þrotlausrar vinnu starfsfólks og sjálboðaliða hreyfingarinnar hvort sem er innan sambandsins sjálfs eða félagana sem byggja það.

Ef eitthvað segir til um hversu langt við erum komin er það fjöldi ungra keppenda okkar á alþjóðavettvangi. Á árinu sendum við hátt í 30 unga keppendur á 16 alþjóðleg mót, þar á meðal Evrópumeistaramót ungmenna í Curno og heimsmeistaramót ungmenna í Helsinki. Við höfum aldrei áður haft jafn stóran og virkan hóp á alþjóðlegum vettvangi og með það farteskinu er framtíðin björt. Þátttaka íslendinga á alþjóðavettvangi hefur aldrei verið meiri og árangurinn er stöðugt upp á við. Á árinu sendum við fleiri keppendur á heims- og Evrópubikarmót en nokkur tíma áður. Á heimsmeistaramótinu í Seoul kepptu þrír keppendur fyrir Íslands hönd. Íslendingur varð norðurlandameistari í línu í U19-flokki og tvö ár í röð hefur Íslendingur náð þriðja sæti í grjótglímu í ungmennaflokki. Þetta eru afrek sem sýna að vinnan er að skila árangri. Heima á Íslandi vorum við svo heppin að sjá klifur í beinni útsendingu í íslensku sjónvarpi þrisvar sinnum síðasta rúma árið. Tvisvar frá úrslitum á Reykjavíkurleikunum og frá Íslandsmótinu í grjótglímu nú síðast í mars.

Í sumar var klifurveggur sem áður var notaður sem færanlegur veggur í Laugardalshöllinni settur upp varanlega í Björkinni í Hafnarfirði. Þessi nýja aðstaða í Björkinni bætir til muna aðstöðu til keppnishalds í grjótglímu. Og nú hafa verið haldin tvö stórmót sem hafa verið sýnd í sjónvarpi, úrslit Reykjavíkurleikanna og Íslandsmeistaramótsins í grjótglímu. Þessi aðstaða hefur breytt miklu hvernig búið er að keppendum, áhorfendum og sjónvarpstökuliði. En uppbyggingin heldur áfram og nú hyllir undir að Klifurfélag Reykjavíḱur komist á næstu árum í nýtt húsnæði í Toppstöðinni í Elliðaárdal. Þetta er stærsta framtíðarverkefni okkar í dag og mun nýtt húsnæði gjörbylta aðstöðu á Íslandi til keppni og æfinga bæði í grjótglímu og línuklifri. Þegar sú aðstaða verður komin í gagnið mun jafnframt opnast möguleiki á því að Ísland haldi alþjóðleg mót í klifri.

En þó við séum stolt af afreksfólki okkar verða þau ekki afreksfólk í tómarúmi. Heldur eru afrekin sem við höldum á lofti, hvort sem það er á alþjóðlegum mótum eða afrek utan formlegrar keppni, þá er það bara toppurinn á ísjakanum. Grundvöllurinn er í grasrótinni þar sem sjálfboðaliðar, starfsmenn og iðkendur vinna saman að því að byggja upp íþróttina, njóta þess að klifra í góðum hópi og skapa tækifæri fyrir sem allra flesta að stunda klifur. Það er mjög dýrmætt fyrir íþróttina að hún nái til breiðari hóps og veki áhuga nýrra iðkenda. Í dag er klifur hraðast vaxandi íþróttin á Íslandi og hefur fjöldi iðkenda í klifri farið úr 840 árið 2015 í rúmlega 3.500 árið 2026. Klifur er orðin 12. fjölmennasta íþróttin innan ÍSÍ og vöxturinn heldur áfram þar sem von er á að ný félög bætist í hópinn á næstu misserum.

Til að klifur haldi áfram að vaxa og dafna sem íþrótt og samfélag er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram að byggja upp og styrkja grunninn. Grunnurinn er í starfi félaganna, barnastarfinu, útiklifrinu, almenningsklifri og þetta skapar allt efniviðinn sem þarf til að við eignumst afreksfólk í keppnisklifri. Afreksfólk sem svo heillar og hvetur ennþá fleiri til að stunda klifur og halda þannig áfram að byggja upp íþróttina.

Ekki má heldur gleyma mikilvægi þjálfara, starfsfólks og sjálboðaliða sem halda starfinu uppi og eiga heiðurinn af því að við erum komin þangað sem við erum í dag. Það óeigingjarna starf sem ég hef orðið vitni að og hef fengið að njóta síðan ég kynntist klifursamfélaginu á Íslandi, hvatti mig til að reyna að leggja mitt af mörkum og ég er stoltur af því að hafa verið hluti af þessu samfélagi í þó nokkur ár. Í lokin vil ég þakka það traust sem mér var sýnt með kjörinu og mun reyna mitt allra besta til að vinna að framgangi klifuríþróttarinnar meðan ég gegni þessu embætti. Við stöndum á öðrum stað en við stóðum fyrir ári síðan og það er vegna vinnu okkar allra, samfélagsins sem hefur byggt þessa íþrótt upp frá grunni.

Ég hlakka til næsta árs og þess sem framundan er!

Benedikt Gunnar Ófeigsson
Formaður Klifursambands Íslands

Stjórn og nefndir

Stjórn Klifursambands Íslands

Benedikt Ófeigsson (Formaður)
Birkir Fannar Snævarsson
Friðrik Már Baldursson
Harpa Þórðardóttir
Guðmundur Freyr Arnarson
Ásrún Mjöll Stefánsdóttir (varamaður)
Björn Baldursson (varamaður)
Þorgerður Þórólfsdóttir (varamaður)

Fastanefndir

Afreksnefnd
Benedikt Ófeigsson (formaður)
Elísabet Birgisdóttir
Guðmundur Freyr Arnarson
Elmar Orri Gunnarsson (landsliðsþjálfari, situr fundi)

Mótanefnd
Ben Mokry (formaður)
Ólafur Hrafn Nielsen
Örn Árnason

Fræðslu- og dómaranefnd
Jóhann Haraldsson (formaður)
Þóra Margrét Bergsveinsdóttir
Vikar Hlynur Þórisson
Andri Már Ómarsson

Fjáröflunarnefnd (áður fjármálanefnd)
Hildur Jónsdóttir (formaður)
Friðrik Már Baldursson
Svanur Baldursson
Stefán Karl Sævarsson

Aðrar nefndir

Heiðurs- og viðurkenninganefnd
Bjarnheiður Kristinsdóttir (formaður)
Valdimar Björnsson
Manuela Magnúsdóttir

Útbreiðslunefnd
Árni Stefán Haldorsen (formaður)
Vikar Hlynur Þórisson
Björgvin Hilmarsson
Sighvatur Sveinsson

Útiklifurnefnd
Jón Viðar Sigurjónsson (formaður)
Vikar Hlynur Þórisson
Jafet Bjarkar Björnsson

Iðkendatölur

Tölurnar eru fengnar úr skilum félaganna til ÍSÍ fyrir árið 2024.

Félag	**Fjöldi iðkenda**
Klifurfélag Reykjavíkur	2.450
Fimleikafélagið Björk	312
Klifurfélag Öræfa	71
Klifurfélag Vestfjarða	119
Klifurfélag ÍA	83
Kraftlyftingafélag Akureyrar	79
Samtals	*3.038*

Aðstöðumál klifurs á Íslandi

Mikill uppgangur var í aðstöðumálum á árinu. Klifurfélag ÍA fékk nýja aðstöðu á Vesturgötunni á Akranesi. Færanlegur veggur KFR var settur upp í húsnæði Bjarkar, nánar tiltekið í Andrasal. Hann var nýttur fyrir úrslitaumferðir á stórmótum ársins í grjótglímu og er gott skref í áttina að því að gera keppnisumhverfið hérlendis betra. Síðan var nýr glæsilegur klifursalur opnaður á Akureyri. Unnið er að því að setja upp æfingaveggi í Herðubreið á Seyðisfirði. Annar veggurinn er kominn upp og ætti hinn að koma upp fyrir sumarið. Auk þess sem unnið er að því að byggja upp aðstöðu á Hólmavík. Nú hyllir einnig undir að Klifurfélag Reykjavíkur komist á næstu árum í nýtt húsnæði í Toppstöðinni í Elliðaárdal. Þetta er stærsta framtíðarverkefni okkar í dag og mun nýtt húsnæði gjörbylta aðstöðu á Íslandi til keppni og æfinga bæði í grjótglímu og línuklifri. Þegar sú aðstaða verður komin í gagnið mun jafnframt opnast möguleiki á því að Ísland haldi alþjóðleg mót í klifri. Sambandið vinnur að því með ÍSÍ og KFR að fá að það fái inni í Toppstöðinni með keppnisaðstöðu sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur.

Fræðslumál

Á árinu voru haldin dómara-, þjálfara- og leiðasmiðanámskeið. Dómaranámskeiðin eru gjaldfrjáls og opin öllum sem hafa áhuga. Þau eru bæði liður í að endurnýja dómarahópinn okkar og jafnframt stækka hann. Klifurþjálfari 1 hófst í desember 2025 og kláraðist í mars á þessu ári. Á námskeiðinu sátu þjálfarar frá þremur félögum innan klifursambandsins og einn einstaklingur frá Akureyri þar sem verður stofnað félag á næstunni. Áherslan á leiðasmiðanámskeiðinu var leiðasmiði fyrir barna- og unglingastarf. Mjög mikilvægt er að þróa þekkingu á slíkri leiðasmíði á sem flestum stöðum á landinu.




Klifurfólk ársins

Kvenklifrari ársins 2025



Svana er kvennklifrari ársins þriðja árið í röð. Árið 2025 einblíndi Svana á keppni í línuklifri með góðum árangri. Svana tók þátt á bæði Evrópu- og heimsbikarmótum á árinu og náði bestum árangri á Evrópubikarmótinu í Campitello di Fassa á Ítalíu. Þar endaði hún í 30. sæti sem er besti árangur Íslendings á þeirri mótaröð. Hún komst í 109. sæti á heimslistanum í línuklifri (sótt 9. desember 2025) og var efst Íslendinga á heimslistum.

Karlklifrari ársins 2025



Guðmundur Freyr átti gott keppnisár og komst í fyrsta skipti inn á heimlista og var í 154. sæti í línuklifri (sótt 9. desember 2025). Guðmundur keppti á sínu öðru heimsmeistaramóti sem fram fór í Seoul í Suður Kóreu í bæði grjótglímu og línuklifri. Þar hafnaði hann í 70. sæti í línuklifri og 83. sæti í grjótglímu. Hann keppti á Evrópubikarmótum í bæði línuklifri og grjótglímu með góðum árangri á árinu.

Landslið og úrvalshópar

Starfsárið

Áhersla hefur verið lögð á keppnir á Evrópustigi en einnig höfum við leyft þeim sem vilja spreyta sig á heimsstigi að gera það þegar það hefur verið möguleiki. Okkar besta íþróttafólk var að ná betri árangri þetta árið miðað við síðasta tímabil. Það sama er upp á teningnum þegar horft er á stærðina á hópnum sem er að ná góðum árangri. Það fór töluverð orka í það á tímabilinu að ná betri tökum á línuklifrinu en er það keppnisgrein sem við lögðum litla áherslu á fyrir 2-3 árum. Eftir að línuklifurveggurinn í Miðgarði var tekinn í notkun erum við þó búin að taka þetta meira inn í þjálfun og erum smám saman að komast nær toppnum á Evrópustigi. Við enduðum tímabilið á að Greipur Ásmundarson náði gulli á Norðurlandamóti í U19 og var með jafn mörg stig og sá sem vann fullorðinsflokk. En sá flokkur notaði sömu úrslitaleið og U19 flokkurinn þótt þeir voru að keppa í sitthvorum flokknum.

Vel hefur gengið að virkja samstarf sem bæði miðar að því að auka möguleika íþróttafólks á að æfa með og læra af topp íþróttafólki í greininni en ekki síður að skapa þekkingu meðal þjálfara og leiðasmiða sambandsins. Sambandið hefur verið í góðum tengslum við aðila í Frakklandi, Bretlandi og Austurríki auk þess að gott samstarf er við Norðurlöndin. Þá höfum við fengið einn reyndasta dómara Norðurlandanna, Ole Martin, til þess að koma til landsins til þess að halda námskeið fyrir okkar yfirdómara auk þess að fylgjast með og gefa þeim endurgjöf við framkvæmd stórmóts hérlendis. Sambandið fékk styrk frá IOC Solidarity sjóðnum til þess að fá Eleanor Glennie til landsins og halda þjálfaranámskeið fyrir þjálfara sem sinna afreksstarfi hjá félögunum. Hún hefur verið með íþróttamenn á síðustu tveimur Ólympíuleikum og var gott að fá hana til þess að miðla þekkingu sinni til hérlendra þjálfara. Auk þess höfum við náð að halda góðum tengslum við hana og aðra þjálfara í breska liðinu sem mun nýtast vel í komandi framtíð.

Þá hefur starfið með Gauta Stefánssyni, sem ryður braut paraklifrara hérlendis, farið vel af stað og sér Hildur Björk Adolfsdóttir, sjúkraþjálfari og landsliðsþjálfari paraklifrara, um æfingar og þróun starfsins. Hann spreytti sig á fyrsta alþjóðlega stórmótinu sínu í sumar þegar hann keppti á heimsbikarmótinu í Innsbruck. Þar keppti hann við þá bestu í AL2 í heiminum og við sáum að hann var að komast upp á sama stað og aðrir í flokknum byrjuðu að falla af veggnum. Eldmóðurinn er til staðar hjá honum og hann sinnir æfingum vel og af skynsemi. Við höfum alla trú á því að hann eigi enn eftir að geta bætt sig hratt og verður gaman að fylgjast með framþróun hjá honum á næsta tímabili.

Samantekt af helstu afrekum á erlendum mótum

- Agnes Matthildur Helgadóttir
    - 63. sæti á Heimsmeistaramótinu í grjótglímu (Seoul, Suður Kórea)
    - 2. sæti í U19 á Norðurlandamót í grjótglímu (Kaupmannahöfn, Danmörk)
    - 27. sæti í U19 á Evrópumeistaramóti ungmenna í grjótglímu (Curno, Ítalíu)
    - 22. sæti í U19 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótglímu (Sukoró, Ungverjaland)
- Svana Bjarnason
    - 30. sæti á Evrópubikarmóti í línuklifri (Campitello di Fassa, Ítalía).
    - 39. sæti á Evrópubikarmóti í línuklifri (Ostermundigen, Sviss).
- Guðmundur Freyr Arnarson
    - 83. sæti á Heimsmeistaramótinu í grjótglímu (Seoul, Suður Kórea)
    - 70. sæti á Heimsmeistaramótinu í línuklifri (Seoul, Suður Kórea)
- Lukka Mörk Sigurðardóttir Blomsterberg
    - 3. sæti á dönsku bikarmóti í grjótglímu (Álaborg, Danmörk)
- Victoria A. Reuter
    - 3. sæti á bikarmóti í grjótglímu (Stokkhólmi, Svíþjóð)
- Gauti Stefánsson
    - 3. sæti á para-NM (Bergen, Noregur).
- Paulo Mercado Guðrúnarson
    - 3 sæti í U19 á NM í grjótglímu (Kaupmannahöfn, Danmörk)
    - 28. sæti í U19 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótglímu (Molde, Noregur)
- Jenný Þóra Halldórsdóttir
    - 33. sæti í U17 á Evrópumeistaramóti ungmenna í grjótglímu (Curno, Ítalíu)
    - 30. sæti í U17 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótglímu (Sukoró, Ungverjaland)
    - 3. sæti í U19 á Norðurlandamóti í grjótglímu (Gautaborg, Svíþjóð)
- Greipur Ásmundarson
    - 1. sæti í U19 á Norðurlandamóti í línuklifri (Bergen, Noregur)
    - 17. sæti í U19 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótglímu (Graz, Austurríki)
    - 31. sæti í U19 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótglímu (Sukoró, Ungverjaland)
    - 34. sæti í U19 á Evrópubikarmóti ungmenna í línuklifri (Bologna, Ítalíu)
- Hlynur Þorri Benediktsson
    - 20. sæti í U17 á Evrópubikarmóti ungmenna í grjótglímu (Molde, Noregur)
- Hrefna Fanney Halldórsdóttir
    - 1. sæti í U15 á Eistrasaltsmeistaramótinu í grjótglímu (Tallinn, Eistland)
    - 10. sæti í U17 á Norðurlandamótinu í grjótglímu (Kaupmannahöfn, Danmörk)
- Daníel Ingi Andrason
    - 1. sæti í U15 á Eistrasaltsmeistaramótinu í grjótglímu (Tallinn, Eistland)
    - 6. sæti í U17 á Norðurlandamóti í grjótglímu (Gautaborg, Svíþjóð)
- Heimir Steinn Svansson
    - 2. sæti í U15 á Eistrasaltsmeistaramótinu í grjótglímu (Tallinn, Eistland)
    - 2. sæti í U17 á dönsku bikarmóti í grjótglímu (Álaborg, Danmörk)
- Breki Einarsson
    - 3. sæti í U17 á dönsku bikarmóti í grjótglímu (Álaborg, Danmörk)

Yfirlit yfir æfingaferðir og erlend mót

Bikarmót í grjótglímu (Danmörk), janúar
Æfingabúðir til Leeds (Bretland), febrúar
Bikarmót í grjótglímu (Svíþjóð), febrúar
NM í grjótglímu (Danmörk), mars
NM ungmenna í grjótglímu (Danmörk), mars
Æfingabúðir til Innsbruck (Austurríki), mars
Evrópubikarmót í grjótglímu (Ítalía), apríl
Evrópubikarmót ungmenna í grjótglímu (Portúgal), apríl
Evrópubikarmót í grjótglímu (Belgía), apríl
Evrópubikarmót ungmenna í grjótglímu (Austurríki), maí
Evrópumeistaramót ungmenna í grjótglímu (Ítalía), maí
Evrópubikarmót ungmenna í grjótglímu (Noregur), maí
Evrópubikarmót ungmenna í grjótglímu (Ungverjaland), júní
Heimsbikarmót í grjótglímu (Tékkland), júní
Evrópubikarmót í línuklifri (Ítalía), júní
Heimsbikarmót í línuklifri (Austurríki), júní
Heimsbikarmót í paraklifri (Austurríki), júní
Heimsbikarmót í grjótglímu (Austurríki), júní
Heimsbikarmót í grjótglímu (Sviss), júlí
Heimsbikarmót í línuklifri (Frakkland), júlí
Heimsbikarmót í línuklifri (Sviss), júlí
Evrópubikarmót ungmenna í línuklifri (Ítalía), júlí
Heimsmeistaramót ungmenna í grjótglímu (Finnland), júlí
Heimsmeistaramót ungmenna í línuklifri (Finnland), júlí
Bikarmót í línuklifri (Danmörk), ágúst
Evrópumeistaramót ungmenna í línuklifri (Slóvakía), ágúst
Eystrasaltsmeistaramót í grjótglímu (Eistland), ágúst
Heimsbikarmót í línuklifri (Slóvenía), september
Heimsmeistaramót í grjótglímu (Suður Kórea), september
Heimsmeistaramót í línuklifri (Suður Kórea), september
NM í línuklifri (Noregur), október
NM ungmenna í línuklifri (Noregur), október
Para-NM (Noregur), október
Evrópubikarmót ungmenna í línuklifri (Frakkland), júlí
Evrópubikarmót í línuklifri (Frakkland), júlí
Æfingamót í Gautaborg - Grepp Championship (Svíþjóð), nóvember

Meðlimir úrvalshópa KÍ

Úrvalshópur KÍ (fullorðnir)

Birgir Óli Snorrason
Gabríela Einarsdóttir
Guðmundur Freyr Arnarson
Lukka Mörk Sigurðardóttir Blomsterberg
Stefán Þór Sigurðsson
Svana Bjarnason
Victoria Reuter

Úrvalshópur paraklifrara

Gauti Stefánsson

Úrvalshópur ungmenna

Agnes Matthildur Folkmann
Anabel Guðlaug L Guðmundsdóttir
Ásthildur Elva Þórisdóttir
Beníta Líf Palladóttir
Breki Einarsson
Bryndís Óskarsdóttir
Dagbjört Lilja Oddsdóttir
Elvar Gíslason
Eygló Elvarsdóttir
Eyjólfur Árni Sverrisson
Friðrika Gunnarsdóttir
Garðar Logi Björnsson
Greipur Ásmundarson
Gunnar Egill Guðlaugsson
Hekla Petronella Ágústsdóttir
Hilmir Jóhannsson
Hlynur Þorri Benediktsson
Ilmur Jónsdóttir
Jenný Þóra Halldórsdóttir
Kári Þór Þórsson
Laufey Ásdís Traustadóttir
Ólafur Bjarni Ragnars
Paulo Mercado Guðrúnarson
Reynir Ólafsson
Sigrún Vala Valgerðardóttir
Sigurður Orri Óskarsson
Sóley Freyja Friðsteinsdóttir
Sólon Thorberg Helgason
Steinunn Harðardóttir
Sverrir Elí Guðnason
Sylvía Þórðardóttir
Þórdís Nielsen
Þórkatla Þyrí Sturludóttir

Mót

Íslandsmeistaramót í grjótglímu

Íslandsmeistaramótið í grjótglímu 2025 fór fram í Klifurhúsinu 7. - 10. mars.

Opinn flokkur kvenna:

1. Agnes Matthildur Helgadóttir
2. Jenný Þóra Halldórsdóttir
3. Dagbjört Lilja Oddsdóttir

Opinn flokkur karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Garðar Logi Björnsson

U19 kvenna:

1. Agnes Matthildur Helgadóttir
2. Þórdís Nielssen
3. Eygló Elvarsdóttir

U19 karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Garðar Logi Björnsson

U17 kvenna:

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Dagbjört Lilja Oddsdóttir
3. Anabel Guðlaug Leplar Guðmundsdóttir

U17 karla:

1. Hlynur Þorri Benediktsson
2. Breki Einarsson
3. Eyjólfur Árni Sverrisson

U15 kvenna:

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Hólmfríður Inga Magnúsdóttir
3. Embla Sól Birgisdóttir

U15 karla:

1. Daníel Ingi Andrason
2. Leó Benjaminsson
3. Benedikt Nóel Hinriksson

Íslandsmeistaramót í línuklifri

Íslandsmeistaramótið í línuklifri 2025 fór fram í Miðgarði 10. - 12. október. Sýnt var frá mótinu á Youtube síðu KÍ.

Opinn flokkur karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Óðinn Arnar Freysson
3. Guðmundur Freyr Arnarson

Opinn flokkur kvenna:

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Sigrún Rósa Hrólfsdóttir
3. Þórdís Nielsen

U19 karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Garðar Logi Björnsson
3. Paulo Mercado Guðrúnarson

U19 kvenna:

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Þórdís Nielsen
3. Eygló Elvarsdóttir

U17 karla:

1. Sigurður Orri Óskarsson
2. Breki Einarsson
3. Hilmir Jóhannsson

U17 kvenna:

1. Laufey Ásdís Traustadóttir
2. Sigrún Vala Valgerðardóttir
3. Dagbjört Lilja Oddsdóttir

U15 karla:

1. Daníel Ingi Andrason
2. Heimir Steinn Svansson
3. Sævar Logi Andrason

U15 kvenna:

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Hólmfríður Inga Magnúsdóttir
3. Embla Sól Birgisdóttir

Bikarmót í grjótglímu

Árið 2025 var bikarmótið í grjótglímu hluti af Reykjavíkurleikunum. Mótið fór fram 1. - 3. febrúar í Klifurhúsinu og voru úrslitin í opnum flokki í opinni útsendingu á RÚV2.

Opinn flokkur kvenna:

1. Clara Stricker-Petersen
2. Agnes Matthildur Helgadóttir
3. Elena Kappler

Opinn flokkur karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Guðmundur Freyr Arnarson

U19 kvenna:

1. Clara Strick-Petersen
2. Agnes Matthildur Helgadóttir
3. Þórdís Nielsen

U19 karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Mercado Guðrúnarson
3. Garðar Logi Björnsson

U17 kvenna:

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Anabel Guðlaug Leplar Guðmundsdóttir
3. Dagbjört Lilja Oddsdóttir

U17 karla:

1. Hlynur Þorri Benediktsson
2. Sigurður Orri Óskarsson

U15 kvenna:

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Hólmfríður Inga Magnúsdóttir
3. Embla Sól Birgisdóttir

U15 karla:

1. Gunnar Þór Stefánsson
2. Benedikt Nóel Hinriksson
3. Sævar Logi Andrason

Bikarmót í línuklifri

Bikarmót í línuklifri var haldið í Miðgarði 13. og 14. ágúst 2025.

Opinn flokkur kvenna:

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Sigrún Rósa Hrólfsdóttir
3. Beníta Líf Palladóttir

Opinn flokkur karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Marcado Guðrúnarson
3. Stefán Þór Sigurðsson

U19 kvenna:

1. Jenný Þóra Halldórsdóttir
2. Beníta Líf Palladóttir
3. Þórdís Nielsen

U19 karla:

1. Greipur Ásmundarson
2. Paulo Marcado Guðrúnarson
3. Garðar Logi Björnsson

U17 kvenna:

1. Hrefna Fanney Halldórsdóttir
2. Dagbjört Lilja Oddsdóttir
3. Bryndís Óskarsdóttir

U17 karla:

1. Breki Einarsson
2. Daníel Ingi Andrason
3. Eyjólfur Árni Sverrisson

Útiklifurafrek Íslendinga

Þessi samantekt er að mestu byggð á skráningum á sportklifurleiðum og grjótglímuþrautum á 8a.nu, en með viðbótum úr ársriti Ísalp og frá klifrurunum sjálfum. Þetta er þó örugglega ekki tæmandi skrá og er beðist velvirðingar á yfirsjónum.

Í sportklifri er miðað við gráðu 7a+/5.12a í kvennaflokki og 7c+/5.13a í karlaflokki. Í grjótglímu er miðað við 7B/V8 hjá körlum og 6C/V5 hjá konum.

Konur

Svana Bjarnason

- America Hustle 8c, Oliana
- Gran Blau 8b+/c, Oliana
- Paper Mullat 8b+, Oliana
- T1 Full equip 8b+, Oliana
- Crimp crisis 8b+, Oliana
- El Festeig 8b, La Mancha
- Nunca doy un paso atras 8a+, Oliana
- Mini blau 8a+, Oliana
- Walking death 8a, Arco
- Parcours santé 8a, Rue des masques

Holly Spice

- Dio (Geyikbayırı) 7b+
- Push Bush (Geyikbayırı) 7b+
- Rocky Erickson (Leonidio) 7b
- Amalthée (Leonidio) 7b
- Rock Republic (Geyikbayırı) 7b
- Auk fimm 7a+ leiða í Leonidio og Geyikbayırı

Sigrún Hrólfsdóttir

- La Microscopi (Siurana) 7c+
- Vermella Directa (Siurana) 7b

Auk fimm 7a+ leiða í Siurana, þar af 2 flassaðar

Þorgerður Þórólfsdóttir

From Brussel with love (Hnappavellir) 7b+

Karlar

Sólon Thorberg Helgason

Nocturnal activities (Vestrahorn) 8A

Make my day (Jósepsdalur) 8A

Pebble roller (Vestrahorn) 7B+

Crónica (Siurana) 8b

La Cara que no Miente (Siurana) 8a+

Þórður Sævarsson

Siurenara Total (Siurana) 8a

Helgríma (Búhamrar) 8a

Dionysus (Hnappavellir) 7c+

Zeus er ekki til 8a/7c+

Paulo Mercado Guðrúnarson

Make my day - 8A, Jósepsdalur

Hafnartangi (Vestrahorn) 7C+

Járnkló (Vestrahorn) 7C+

Vikar Hlynur Þórisson

Siurenara Total (Siurana) 8a

Zeus er ekki til 8a/7c+

Helgi Egilsson

Siurenara Total (Siurana) 8a

Sigurður Arnoldsen Richter

Pýþagoras (Hnappavellir) 7c+

Óðinn Arnar Freysson

Mokka (Hnappavellir) 8a+

Sláturhúsið (Hnappavellir) 8a

Zeuz er ekki til (Hnappavellir) 8a/7c+ flash

Guðmundur Freyr Arnarson

Limbó - direct (Hnappavellir) 7c+

Alexander Ólafsson

Limbó - direct (Hnappavellir) 7c+

Kristján Þór Björnsson

Show of Hands 7C+, Moe´s Valley

Loose Cannon 7C, Moe´s Valley

High Value Target 7C, Moe´s Valley

Lindner´s Roof, Moe´s Valley

Valdimar Björnsson

Popes hat, 7C+, Buttermilks.

Stamen envy, 7C+, Buttermilks.

Seven Spanish Angels, 7C+, Buttermilks.

Gription, 7C, Moes Valley.

Tail pipe, 7C, Red Rocks.